

Fimmtudaginn 21. október 1993.

Nr. 203/1993. **Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jóhanni Jónasi Ingólfssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Skilorð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsíákvörðun samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en meðákærði undi héraðsdómi. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 17. maí 1993 til þyngingar á refsíákvörðun héraðsdóms.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf héraðsdómara 15. apríl 1993 til ríkissaksóknara, þar sem vakin er athygli á mistökum, sem urðu í hinum áfrýjaða dómi um skiptingu refsingar ákærða. Hann var dæmdur í sjö mánaða fangelsi, þar af var frestað fullnustu þriggja mánaða skilorðsbundið í þrjú ár, en sú skipting er andstæð 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976. Ætlunin hafi verið að hafa þrjá mánuði óskilorðsbundna og fjóra mánuði skilorðsbundna.

Brot þau, sem ákærði er sakfelldur fyrir í hinum áfrýjaða dómi, eru framin á fyrstu þremur mánuðum ársins 1990. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann eftir þann tíma gengist undir tvær dómsáttir, auk þess sem hann var dæmdur í Hæstarétti 17. maí 1991 í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundið til tveggja ára. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 7. maí 1993 hefur ákærði afplánað hinn óskilorðsbundna hluta hæstaréttardómsins frá 17. maí 1991.

Refsingu ákærða ber að ákvarða, eins og í héraðsdómi er gert, samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga og dæma með hinn skilorðsbundna hluta dómsins frá 17. maí 1991. Ber að ákveða refsinguna eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu

laga. Samkvæmt þessu og með vísan til sakaferils ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Með hliðsjón af mistökum þeim, sem urðu á refsíákvörðun héraðsdóms, þykir rétt, að allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Jónas Ingólfsson, sæti fangelsi í sjö mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 14. apríl, er háð dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara og þá kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. SÁ-4/1992: Ákærvaldið gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni og X.

Málið var dómtekið 12. mars sl., en síðan endurupptekið til framhalds-meðferðar og dómtekið að nýju í dag á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 22. ágúst 1991, á hendur Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, fæddum 15. febrúar 1957, og X [...].

Málið var einnig höfðað á hendur Y, en þáttur hans hefur verið skilinn frá og verður dæmdur sérstaklega, sbr. 24. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt I. kafla ákæru er ákærða Jóhanni Jónasi gefið eftirfarandi að sök:

„1. Í félagi við meðákærða X lagt á ráðin um kaup og innflutning á fíkniefnum hingað til lands í ágóðaskyni og í samræmi við þær ráðagerðir keypt þrjú kg af hassi í Amsterdam seinni hluta febrúar 1990, flutt efnið til Bremerhaven og afhent það meðákærða Y til flutnings hingað til lands. En ljóst varð nokkru síðar, að Y hafði ekki flutt efnið til landsins, heldur komið því í geymslu í Bremerhaven, lagt á ráðin um að sækja efnið og ásamt meðákærða X skipulagt för hans til Bremerhaven í þessu skyni og lagt fram það fé, er þurfti í því sambandi, sbr. liði II og III, 1.

2. Á tímabilinu frá áramótum 1989/1990 og fram í mars 1990 keypt samtals um 10 g af amfetamíni í Reykjavík af meðákærða X, en við afskipti

lögreglu af ákærða á lögreglustöðinni við Hverfisgötu hér í borg fundust í fórum hans 0,3 g af efninu, sbr. lið III, 2^o.

Ákærða X er gefið eftirfarandi að sök í III. kafla ákæru:

— — —

Í ákæru eru ætluð brot ákærðu Jóhanns Jónasar og X talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986, að því er varðar meðferð þeirra á amfetamíni.

Í ákæru er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði X jafnframt til að sæta upptöku á samtals 1387,3 g af hassi og ákærði Jóhann Jónas enn fremur til að sæta upptöku á 0,3 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1964 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

— — —

Ákærði Jóhann Jónas kom fyrir dóminn 12. mars sl. og viðurkenndi þá að hafa framið alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Ákærði Jóhann Jónas hafði ekki fram að færa athugasemdir vegna upptökukröfu ákæruvaldsins.

— — —

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað með skýlausri játningu beggja ákærðu, að ákærðu hafi báðir gerst sekir um brot, er þeim eru gefin að sök í ákæruskjali, utan að ekki er sannað þrátt fyrir játningu ákærða Jóhanns Jónasar, að hann hafi lagt á ráðin um kaup fíkniefnanna, sem um getur í I. kafla, 1. tl., ákæru í félagi við meðákærða X, sem aldrei hefur borið að hafa lagt á ráðin um kaupin, þótt hann hafi játað hlut sinn að öðru leyti.

Varðar háttsemi beggja ákærðu við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjali greinir, en niðurstaða efnagreiningar á fíkniefnum þeim, er lagt var hald á í rannsókn málsins og krafist er uppgöku á, leiddi í ljós, að um var að ræða amfetamín og kannabis (hass).

Ákærðu voru báðir yfirheyrðir fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 4. apríl 1990, og viðurkenndu þá báðir að hafa framið þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali.

Ákærði Jóhann Jónas hefur frá árinu 1977 hlotið níu refsídóma fyrir þjófnað, brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga og fyrir skirlífisbrot auk dóma fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. Þá hefur ákærði Jóhann Jónas frá árinu 1974 gengist undir tíu dómsáttir fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Jóhann Jónas gekkst undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot í júlí 1990. Ákærði hlaut sex mánaða fangelsi í október árið 1990 fyrir skírlífisbrot. Því máli var áfrýjað og dæmt í Hæstarétti í maí 1991, og var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundið í tvö ár. Í október 1991 gekkst ákærði undir sátt fyrir umferðarlagabrot.

Skilorðsbundni hluti hæstaréttardómsins frá maí 1991 er nú tekinn upp og dæmdur með í máli þessu eftir 60. gr. almennra hegningarlaga og ákærða þannig dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Jóhanns Jónasar er einnig ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. sömu laga.

Refsing ákærða Jóhanns Jónasar þykir með vísan til framanritaðs og með vísan til sakaferils ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í sjö mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu þriggja mánaða af refsivistinni skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja, og falli sá hluti refsingarinnar niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði Jóhann Jónas almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

— — —

Til frádráttar refsivist ákærða Jóhanns Jónasar komi sjö daga gæsluvarðhald ákærða Jóhanns Jónasar og til frádráttar refsivist ákærða X komi átta daga gæsluvarðhald ákærða X. Vegna frádráttar gæsluvarðhaldsvistar beggja ákærðu vísast til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar beggja ákærðu er tekið tillit til þess dráttar, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms í máli þessu. Sakarefnið og sakaferill beggja ákærðu er með þeim hætti, að frekari skilorðsbinding refsingar þykir ekki koma til álita.

Ákærði X sæti upptöku á 1387,3 g af hassi, en efnið er nú í vörslu lögreglu, merkt efnaskrá nr. 2567, 2563 og 2565 a.

Ákærði Jóhann Jónas sæti upptöku á 0,3 g af amfetamíni, en efnið er nú í vörslu lögreglu, merkt efnaskrá nr. 2562.

Vegna upptökukröfu ákæruvaldsins gagnvart báðum ákærðu vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, en ritvilla er í ákæruskjali, þar sem vísað er í lög nr. 65/1964 í stað 65/1974.

Ákærði Jóhann Jónas greiði 26.804 kr. vegna efnagreiningar amfetamíns, sem lagt var hald á á heimili hans.

Ákærðu greiði að öðru leyti óskipt efnagreiningarkostnað vegna þeirra fíkniefna, sem lagt var hald á.

Ákærði Jóhann Jónas Ingólfsson greiði verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 40.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Sigurði A. Þóroddssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur hefur verið hér að ofan greiði ákærðu óskipt.

Dómarinn fékk málið til meðferðar í októbermánuði sl.

D ó m s o r ð:

Ákærði Jóhann Jónas Ingólfsson sæti fangelsi í sjö mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsivistinni skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja og sá hluti refsivistar falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði Jóhann Jónas almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsivistinni komi sjö daga gæsluvarðhald ákærða Jóhanns Jónasar.

Ákærði X sæti fangelsi í fjóra mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi átta daga gæsluvarðhald ákærða X.

Ákærði X sæti upptöku á 1387,3 g af hassi, en efnið er nú í vörslu lögreglu, merkt efnaskrá nr. 2563, 2567 og 2565, a-lið.

Ákærði Jóhann Jónas sæti upptöku á 0,3 g af amfetamíni, en efnið er nú í vörslu lögreglu, merkt efnaskrá nr. 2562.

Ákærði Jóhann Jónas greiði 26.804 kr. í efnagreiningarkostnað.

Ákærði Jóhann Jónas greiði verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 40.000 kr. í málsvagnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Sigurði A. Þóroddssyni héraðs-dómslögmanni, 40.000 kr. í málsvagnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur hefur verið hér að ofan greiði ákærðu óskipt.